

REGLUGERÐ

um gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

1. gr.

Gjaldtaka.

Vatnajökulspjóðgarður innheimtir gestagjöld eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldi fyrir gistingu á þjónustusvæði, sbr. 3.-6. gr. og 8. gr.

2. gr.

Gisting á þjónustusvæði.

Gjaldið miðast við gistingu í stæði yfir eina nótt, annars vegar við stæði með aðgengi að rafmagni, sbr. 3. gr. og hins vegar stæði án aðgengis að rafmagni, sbr. 4. gr. Afnot af þjónustuhúsi eru innifalin í gjaldi fyrir stæði á þjónustusvæði. Eldri borgurum (67 ára og eldri) og öryrkjum er veittur 20% afsláttur af gistigjöldum skv. 3.-6. gr.

3. gr.

Stæði með aðgengi að rafmagni.

Í hverju stæði með aðgengi að rafmagni mega allt að sex manns gista. Rafmagnstenging er einungis ætluð fyrir rafmagnstæki innan stæðisins.

Gjald fyrir stæði með aðgengi að rafmagni í eina nótt

8.000 kr.

4. gr.

Stæði án aðgengis að rafmagni.

Í hverju stæði án aðgengis að rafmagni mega allt að sex manns gista.

Gjald fyrir húsbíll/hjólhýsi/fellihýsi/tjaldvagn án aðgengis að rafmagni

5.000 kr.

Gjald fyrir stórt tjald (3ja manna eða stærra)

4.000 kr.

Gjald fyrir lítið tjald (2ja manna eða minna)

3.000 kr.

5. gr.

Lengri afnot af stæðum.

Gjald fyrir lengri afnot af stæðum á þjónustusvæðum.

Sumargjald:

Stæði m. rafmagni

Stæði án rafmagns

Einn mánuður

50.000 kr.

40.000 kr.

Tveir mánuðir

100.000 kr.

80.000 kr.

Þrír mánuðir

150.000 kr.

120.000 kr.

6. gr.

Gisting í skála.

Gjaldið miðast við gistingu í skála yfir eina nótt fyrir hvern ferðamann.

Gistigjald fyrir hverja nótt:

Í Snæfellsskála

5.500 kr.

Í Blágiljum

4.500 kr.

Ekki er innheimt gjald fyrir börn, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum. Veittur er 50% afsláttur af gistigjaldi fyrir börn 13 til 17 ára.

Í verðskrá skal koma fram hvaða þjónusta er innifalin í gistigjaldi fyrir hvern skála fyrir sig.

7. gr.
Svæðisgjald.

Svæðisgjald er lagt á við inngang að þjónustusvæði og gildir mest í sólarhring (frá kl. 00.00 - 24.00):

Flokkur A - Fólksbifreið, 5 manna og færri	1.000 kr.
Flokkur B - Fólksbifreið, 6-9 manna	1.300 kr.
Flokkur C - Rúta, 10-18 manna	2.500 kr.
Flokkur D - Rúta, 19-32 manna	4.700 kr.
Flokkur E - Rúta, 33-64 manna	8.500 kr.
Flokkur F - Rúta 65 manna og fleiri	8.500 kr.
Bífhjól	400 kr.

Veittur er 50% afsláttur af svæðisgjaldi ef annað þjónustusvæði þjóðgarðsins hefur áður verið heimsótt innan sólarhringsins og fullt gjald greitt þar.

8. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

1. Útseld vinna sérfræðinga	16.000 kr.
2. Útseld vinna landvarða	12.000 kr.
3. Útgáfa leyfa, stærri verkefni, samningar á grundvelli reglugerðar um atvinnutengda starfsemi	50.000 kr.
4. Útgáfa leyfa, önnur verkefni	25.000 kr.

9. gr.

Gildistaka, lagastoð og birting.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulspjóðgarð, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 811/2021, um gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Svæðisgjald samkvæmt 7. gr. er nú einungis lagt á við inngang að þjónustusvæði í Skaftafelli og mun gjaldtaka hefjast við inngang að þjónustusvæði á Breiðamerkursandi frá og með 1. júní 2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 1. febrúar 2023.

F. h. r.

Sigríður Svana Helgadóttir.

Kjartan Ingvarsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.